

RITSTJÓRNARPISTILL

Ágæti lesandi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gefur nú út fimmta tölu- blað af Gátt, ársriti um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera samstarfsvett- vangur stofnaðilanna, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, í viðtæku samstarfi um símenntun á íslenskum vinnumarkaði. Samstarfið nær til þróunar nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði sem og fram- kvæmdar samstarfsverkefna. Með Gátt gefst tækifæri til að skapa vettvang fyrir umræðu um þau verkefni, viðhorf og kenningar sem eru efst á baugi hverju sinni.

Markmið ritsins eru sem fyrr að efla umræðu um full- orðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi, miðla reynslu og kynna það sem ber hæst í umræðunni hverju sinni. Mark- mið FA er að í Gátt birtist úrval greina um hvaðeina sem varðar nám og fræðslu fullorðinna. Ritið er ætlað viðum hópi í samfélaginu: Þeim sem stjórna og vinna að fræðslumálum, leiðbeinendum, kennurum og námsmönnum og síðast en ekki síst öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér nýj- ungar og helstu sjónarmið í fræðslu fullorðinna.

Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er unnið að fjöl- breyttum verkefnum bæði innlendum og erlendum og er greint frá nokkrum þeirra hér í ritinu. FA fagnaði fimm ára afmæli sínu árið 2007 og þótti því við hæfi að líta um öxl og leggja mat á þann árangur sem náðst hefur. Hróbjartur Árnason leitast einmitt við í grein sinni hér í ritinu að svara spurningunni um það hvort Fræðslumiðstöðin hafi gengið til góðs.

Meginefni ritsins eru gæði og gæðaviðmið í fullorðins- fræðslu. Þó svo að gæði séu oft metin út frá reynslu ein- staklingsins má einnig skilgreina þau út frá fyrirfram gefnum viðmiðum eða stöðlum. Eitt af skilgreindum verkefnum Fræðslumiðstöðvarinnar er að efla gæði í fullorðinsfræðslu og hefur FA gefið út drög að gæðaviðmiðum sem samstarfs- aðilar og aðrir sem sinna fullorðinsfræðslu geta stuðst við. Hér í ritinu er nánar fjallað um gæðaviðmið FA, þörfina fyrir hlutlæg viðmið um gæði og gæðavottun í fullorðinsfræðslu og sagt er frá aðferðum fræðsluaðila við að efla gæði starf- semi sinnar. Gæði eru ofarlega á baugi í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu og í ritinu er umfjöllun um skýrslu og

ráðstefnu sem haldin var á vegum NVL um gæði í fullorðins- fræðslu. Þá birtast einnig hugleiðingar um hvað skapi gæði í fjarkennslu. Auk þessa er sagt frá upplifun einstaklinga af því að hefja nám að nýju og reynslu fræðsluaðila af nýrri nálgun í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Í ritinu er að vanda greint frá starfsemi FA og verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu 2008. Öll miða þessi verk- efni að því að auka færni fólks á vinnumarkaði og efla full- orðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Eins og fyrr telur ritstjórnin sig afar lánsama að hafa fengið til liðs við sig breiðan hóp fólks við skriftirnar. Í hópi greinahöfunda eru fræðsluaðilar, leiðbeinendur, náms- og starfsráðgjafar og sérfræðingar af ýmsu tagi. Ritstjórnin vonar að ritið verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna og hún hvetur lesendur til að láta skoðanir sínar í ljós, koma með ábendingar og hugmyndir og taka þannig virkan þátt í því að efla fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi.

Ritstjórn